

Skýsla svæðisstjóra í Færeyjasvæði til umdæmisstjórnarfundar 26.november 2011.

Í fyrsta skipti hafa Færeyjar nú sitt eigið svæði og þessvegna er þetta fyrsta skýrsla frá svæðisstjóra á færeysku.

Undirrituð tók við embætti sem svæðisstjóri á fundinum á Höfn, sunnudaginn 25. september, eftir umdæmisþingið.

Við vorum 13 frá klúbbunum í Færeyjum sem fórum á umdæmisþingið á Höfn. Okkur finnst sjálfum að þátttaka Færeyja á umdæmisþinginu er mikil þegar maður hugsar um að engin af okkur skilur sérstaklega vel íslensku og að leiðin til Íslands er bæði löng og dýr.

Við viljum gjarnan þakka fyrir að hluti af efninu í ár var þýtt yfir á dönsku. Það er sérstaklega gleðilegt þegar maður hugsar til þess að klúbbarnir í Færeyjum hafa verið hluti af umdæminu í meira en 30 ár. Nú þegar ég nefni þetta þá vonum við að það verði líka hugsað um okkur á galaballinu á umdæmisþinginu þannig að Færeyingar geti líka skilið þau skemmtiatriði sem boðin eru upp á. Eins og það er núna skiljum við ekkert, sérstaklega þegar það er “lokal” efni. En að þessu undanskildu var ferðin mjög góð og við hlökkum alltaf til að hitta kiwanisvini okkar.

Svæðisstjórnin í Færeyjasvæði var með fund þann 22. október og er skipuð með Pétur Olivar í Hoyvík sem verðandi svæðisstjóra og Sofus Borðoy sem ritara.

Allir klúbbarnir í Færeyjum höfðu sameiginleg stjórnarskipti, en við höfum gert samkomulag um það að skiptast á að sjá um stjórnarskipti og í ár kom það í hlut Eysturoy. Við vorum með stjórnarskipti í Leirvík (Eysturoy). Fyrir stjórnarskiptin hafði ég þýtt stjórnarskiptaefnið frá íslensku yfir á færeysku og var því sérstaklega vel tekið af klúbbunum og gerði hátíðleikan alveg sérstakan því í fyrsta skipti skildu allir það sem var sagt. Frá Íslandi fengum við heimsókn af okkar tryggja Kiwanisvini Jóni Eiríkssyni og erum við alltaf glöð að fá heimsóknir frá Íslandi. Eftir stjórnarskiptin fengum við góðan mat.

Fyrsta svæðisráðstefna okkar var í Kiwanishúsinu í Þórshöfn þann 5. nóvember og höfðum við þá ánægju að hafa Dóru með okkur þann dag. Forsetarnir lásu skýrslu og útfra þeim sést að allir klúbbarnir eru vel starfandi klúbbar. Þar sem svo stuttur tími frá því nýja svæðisstjórnin tók við og sumarfrí hafði komið inn í, var ákveðin óvissa um hvort skýrslan skyldi innihalda tímann sem fyrrverandi svæðisstjórn hafði setið.

Dóra hélt fina ræðu á dönsku, þar sem hún talaði um samvinnuna milli Íslands og Færeyja. Hún talaði líka um starfsáætlanir sem liggja fyrir. Þar á eftir sagði hún að hún myndi alltaf vera til staðar fyrir okkur þegar við þyrftum á því að halda.

Undirrituð útbýtti afrit af stefnumótuninni 2011-2016, sem var tilbúin og þýdd frá íslensku yfir á færeysku. Undirrituð lagði mikla áherslu á vinnu við að auka við félagi í klúbbunum og að setja í gang vinnu við nýjar heimasíður fyrir klúbbana í Færeyjum.

Eftir svæðisráðstefnuna var skemmtun þar sem félagar og makar og gestur okkar, Dóra, mættu. Við vorum 28 og ástæðan fyrir því að ekki fleiri komu var að það voru fleiri skemmtanir sama kvöld, en þeir sem komu, skemmtu sér með söng og tali.

Allir klúbbarnir í Færeyjum hafa sent skýrslur fyrir október og það sést að þeir hafa reglulega fundi og að þátttakan á fundunum hefur yfirleitt verið góð.

Kiwanisklúbburinn Thorshavn gaf gjöf til Javna, sem eru landssamtök “menningartarnaði”. Gefnar voru isl.kr. 1.098.500,00 og var þetta vel auglýst í dagblöðum, á heimasíðum og á facebook síðu javna.

Einn félagi hefur sagt sig úr Tórshavn.

Hjá Kiwanisklúbbunum Tórshavn og Eysturoy byrjar nú jólatrjáasalan og er nú undirbúningur í gangi. Kiwanis Rósan hélt stórt bingo síðasta mánudag til styrktar “ í menniskjum góður tokki”, sem er jólahjálpi þurfsandi barnafjölskyldna, sem þurfa aðstoð fyrir jólin.

Álit mitt er að klúbbarnir í Færeyjum starfa vel og að allir klúbbar eru mjög virkir.

Takk

Med kiwaniskveðju

Elin Joensen  
Svæðisstjóri Føroyasvæði